



Viðnámsmælingar á Reykjanesskaga,
sumarið 1982. Staða verkefnis 1982-07-26

Lúðvík S. Georgsson

Greinargerð LSG-82/02

VIÐNÁMSMÆLINGAR Á REYKJANESSKAGA, SUMARIÐ 1982

Staða verkefnis 1982-07-26

Mælingar hófust 15. júní hefur verið fram haldið síðan. Fyrstu tvær vikurnar var einn mæliflokkur á svæðinu en eftir það hafa verið tveir flokkar þar og verður svo út þessa viku. Út ágúst verður svo einn flokkur á svæðinu en reiknað er með mælingunum ljúki í ágústlok.

Í útsendri áætlun um mælingarnar var gert ráð fyrir að mæliflokkarnir mundu afkasta að meðaltali 1,2 mæl. á hverjum virkjum mælidegi og að mælingarnar yrðu alls um 90. Þetta var miðað við hámarksafköst og engar óvæntar tafir. Í raun hafa afköstin orðið heldur minni eða tæplega 1 mæl. á dag. Helstu ástæður fyrir þessu eru annars vegar að í sumar voru teknir í gagnið nýir straumsendar og komu fram í þeim smágallar sem ollu nokkrum töfum í upphafi. Komist hefur verið fyrir þetta. Hins vegar hefur tíðarfar ferlið mjög slæmt til mælinga á Reykjanesskaga síðustu vikurnar en fyrir slíkt er erfitt að komast.

Alls er búið að mæla 46 mæl. en 2-3 þeirra eru þó gallaðar og þarf að endurmæla að einhverju leyti. Mælingum er að mestu lokið á Reykjanesi og í Eldvörpum, þ.e. því sem nefnt var svæði 1 í áætluninni. Lausleg skoðun mælinganna bendir til að tengsl séu ekki á milli Eldvarpa og Reykjaness í efstu 1-2 km, a.m.k. finnst ekki samfelld lágviðnámsbelti þar á milli svipað og á milli Svartsengis og Eldvarpa. Mælingarnar benda hins vegar til þess að áður óþekkt lágviðnáms svæði sé í sprungu-beltinu mitt á milli Hafna og Reykjaness. Þó þarf að mæla þar 1-2 mæl. í viðbót áður en þetta telst staðfest.

Á svæði 2, þ.e. austur af Svartsengi er mikið ómælt. Það litla sem búið er bendir þó til áframhaldandi lágviðnáms austur af Svartsengi.

Á svæði 3, norðanverðum skaganum hefur nokkuð verið mælt. Niðurstöður eru frekar neikvæðar en ennþá vantar þó mikilvægar mælingar við Snorrastaðatjarnir. Ljóst er að á þessu svæði verður fjöldi mælinga skorinn nokkuð niður.

Alls má ætla að hægt verði að mæla um 30 mælingar í viðbót og er þá reiknað með að mælt verði til ágústloka. Flestar þessar mælingar verða á svæði 2, þ.e. austur af Svartsengi en 5-10 verða þó annars staðar. Verður það að teljast viðunandi árangur og nægilega margar mælingar til að upplýsingar fáiast um flest það sem ætlunin var að kanna. Þá virðist kostnaður ætla að verða svipaður og gert var ráð fyrir í áætluninni.

Úrvinnsla mælinga er þegar hafin og er það fyrr en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Ef allt fer að óskum og ekkert óvænt kemur upp þá má reikna með að úrvinnslu verði lokið fyrir áramót.

Orkustofnun mun senda Hitaveitu Suðurnesja og Sjóefnavinnslunni á Reykjanesi stutt yfirlit um framgang mála þegar mæliflokkar hafa lokið störfum.

JHD·JED·2500·LG.
82.03.0577.em.

Tillögur um viðnámsmælingar á Reykjaneskaga sumarið 1982 Staðan 1982-07-27


SKÝRINGAR:


 Djúpvíðnám
allvel þekkt.

 Óljós vitneskja
um djúpvíðnám.

 Háhitasvæði

 Mörk rannsóknarsvæða

 Mælt nú þegar

 Tillaga um viðnámsmælingar

